



Varðar: Melavellir – (fsp) breyting á deiliskipulagi

Lögð fram fyrirspurn Brimgarðs ehf., dags. 24. mars 2023, um breytingu á deiliskipulagi Melavalla á Kjalarnesi sem felst í að heimilt verði verði að byggja fjögur alifuglahús austan við núverandi alifuglahús á lóðinni þannig að í heildina verði 11 alifuglahús á lóð, en eftir áformaða stækkun kjúklingabúsins verða 196.000 stæði fyrir kjúklinga á búinu, auk þess er gert ráð fyrir haughúsi, samkvæmt uppdr. Nordic, dags. 24. mars 2023.



Hluti AR 2040



Hluti gildandi deiliskipulags.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu eru Melavellir á skilgreindu landbúnaðarsvæði L1 (Landbúnaðarsvæði á Kjalarnesi). Um er að ræða svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfenað, matvæla- og fódurframleiðslu. (gr. 6.2.1q. í skipulagsreglugerð). Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu. (gr. 6.2.r. í skipulagsreglugerð).

Í skilmálum fyrir L1 segir um markmið aðalskipulagsins: „ ... efla fjölbreytta ræktun og matvælaframleiðslu á landbúnaðarsvæðum, sbr. markmið jarðalaga og að landnýting verði í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun í skipulagslögum.“

Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið, samþykkt í borgarráði þann 31. ágúst 2006 með síðari tíma breytingum. Í greinargerð deiliskipulagsins segir m.a. um núverandi heimildir í skilmálum að heimilt sé að byggja 7 alifuglahús á lóðinni sem munu uppfylla allar helstu





kröfur sem gerðar eru til nýrra kjúklingahúsa í Evrópu. Jafnframt að 140.000 stæði séu leyfileg í notkun að hámarki fyrir kjúklinga á búinu og að árlegt magn hænsnaskíts að meðaltali verði um 1.100 tonn.

Umsögn

Fyrirspurnin varðar breytingu á deiliskipulagi þar sem gert er ráð fyrir að alifuglahús á svæðinu fjölgi um fjögur, þ.e. frá 7 húsum upp í 11 hús. Að sama skapi fjölgi stæðum fyrir kjúklinga á búinu um 56.000, þ.e. frá 140.000 stæðum upp í 196.000 stæði.

Ljóst er að um umtalsverða fjölgun alifuglahúsa og stæða er að ræða og óskaði skipulagsfulltrúi því eftir umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER). Umsögnin barst þaðan, dags. 3. maí 2023 og kemur fram í þeirri umsögn að stækkun búans á Melavöllum hefur mætt andstöðu í gegnum tíðina frá nágrannabæjum og einnig hafa íbúasamtöku haft áhyggjur af aukinni uppbyggingu. Telur Heilbrigðiseftirlitið því mikilvægt að byggja allar ákvarðanir um frekari stækkun á sem bestum gögnum.

Að mati Heilbrigðiseftirlitsins þyrfti frekari greiningar á dreifingu lyktar frá þessum nýju húsum og eins að gera betur grein fyrir mögulegum dreifingarsvæðum fyrir úrganginn sem fellur til. HEV hefur ítrekað gert athugasemdir við að ekki er til staðar hauggeymsla fyrir 6 mánaða haug eins og krafa er um í reglugerð nr. 805/1999 um varnir gegn köfnunarefnismengun frá landbúnaði. Þó oftast sé unnt að flytja úrganginn annað til dreifingar eða geymslu telur Heilbrigðiseftirlitið nauðsynlegt að hauggeymsla sé til staðar við búið. Ekki er að sjá á þeim uppdrætti sem fylgir fyrirspurninni að ráð sé gert fyrir slíkri geymslu.

Fram kemur í greinargerð deiliskipulagsbreytingartillögu/uppdrætti sem fylgir fyrirspurninni að gert sé ráð fyrir haughúsi sem rúmað getur allt að 900 m³ af skít eða um 770 tonn. Hins vegar kemur ekkert fram hvar slíkt hús verður staðsett á uppdrætti.

Niðurstaða

Tekið er neikvætt í fyrirspurnina að svo stöddu. Um er að ræða umtalsverða stækkun sem kemur til með að hafa víðtæk áhrif á nærumhverfið. Ljóst er að ráðast þarf í ítarlegri og frekari greiningar á umhverfisáhrifum á borð við lyktarmengun (sbr. umsögn HEV). Jafnframt þarf að gera frekari grein fyrir haughúsi og nánari staðsetningu á uppdrætti.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur og verkefnastjóri.

